

Formaður sér um boðun funda.

Í fundarboði skal geta þeirra meginmála sem fyrir fundinum liggja.

Í öllum málum gildir einfaldur meirihluti með þeirri undantekningu sem getið er í niðurlagi 4. gr. varðandi liði a—d.

Stofnunin skal greiða fyrir því að starfsmenn geti gegnt störfum í starfsmannaráðinu.

Stofnunin veitir nauðsynlega skrifstofuaðstoð í sambandi við störf starfsmannaráðsins, svo og húsnæði til fundarhalda.

Starfsmannaráðið ákveður hverju sinni hvaða menn innan eða utan stofnunarinnar það kveður til funda í því skyni að veita upplýsingar eða aðstoð við úrlausn mála.

Fundir skulu bókfærðir og skal þar geta dagskrár fundarins, rekja stuttlega tildrög mála og hverja afgreiðslu þau hljóta.

Fundir sem haldnir eru í vinnutíma mega ekki leiða til launaskerðingar hjá nefndarmönnum.

Fyrir formlega fundi sem haldnir eru utan vinnutíma skal greiða þóknun samkvæmt ákvörðun Þóknananefndar að fenginni tillögu samstarfsnefndar, sbr. 2. mgr. 1. gr.

Stofnunin ber kostnað af störfum starfsmannaráðsins.

6. gr.

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 5. gr. samkomulags Bandalags starfsmanna ríkis og bæja og ríkisstjórnarinnar frá 20. ágúst 1980 um málefni opinberra starfsmanna og 5. gr. samkomulags Bandalags háskólamanna og ríkisstjórnarinnar frá 8. september 1980 taka þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 14. febrúar 1982.

Ragnar Arnalds.

Þorsteinn Geirsson.

2. mars 1982.

Nr. 72.

AUGLÝSING

um tilnefningu Arnarflugs hf. til að halda uppi áætlunarflugferðum milli landa.

Samkvæmt heimild í VII. kafla laga nr. 34. 21. maí 1964, um loftferðir, og loftferðasamning milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands, dags. 12. ágúst 1959, hefur samgönguráðuneytið í dag tilnefnt Arnarflug hf. til að halda uppi áætlunarflugi með farþega, vörur og póst milli Íslands og Sambandslýðveldisins Þýskalands.

Þá hefur ráðuneytið í dag ennfremur heimilað sama félagi áætlunarflug með farþega, vörur og póst milli Íslands og Sviss þótt formlegur loftferðasamningur liggji ekki fyrir.

Samgönguráðuneytið, 2. mars 1982.

Steingrímur Hermannsson.

Birgir Guðjónsson.